

## Reglur um sérhæft vöruúrval

### 1. gr.

Til viðbótar við grunnvöruúrval, staðbundið vöruúrval og vöruúrval tímabilsflokks er ÁTVR heimilt að ákveða að vöruúrval vínbúðar samanstandi af sérhæfðu vöruúrvali úr tilteknum vöruhópum skv. reglum þessum.

### 2. gr.

Ákvörðun um sérhæft vöruúrval er m.a. heimilt að grundvalla á sjónarmiðum um:

- a. Eftirspurn viðskiptavina, t.d. aukin hlutdeild íslenskrar framleiðslu í verslunum sem ferðmenn versla mikið í og eftirspurn eftir dýrari vörum sem ekki eru í grunnvöruúrvali.
- b. Árstíðabundnar sveiflur í eftirspurn viðskiptavina, t.d. aukin hlutdeild bjórs og hvítvíns á sumrin.
- c. Aðstöðu í verslun, t.d. vegna hillupláss.
- d. Tímabundnar áherslur í vöruvali, t.d. vegna þemadaga.
- e. Varanlegar áherslur á tiltekna vöruhópa, t.d. aukið úrval af bjór eða víni.

### 3. gr.

Heimilt er að skilgreina vöruhópa, skv. 1. gr., m.a. með neðangreindum hætti:

- a. með vísan til vöruvalsdeildar eða hópa vöruvalsdeilda, sbr. tafla *T1 – Tafla vöruvalsdeilda* sbr. reglur um grunnvöruúrval dags. 2. desember 2015 með síðari breytingum.
- b. með vísan til vörudeilda eða hópa vörudeilda, sbr. töflur *T1.1 – Tafla almennra vörudeilda*, *T1.2 – Tafla verðflokka vörudeilda*, *T1.3 – Tafla sérstakra vörudeilda*, *T1.4 – Tafla sérmerkinga vörudeilda* sbr. reglur um grunnvöruúrval dags. 2. desember 2015 með síðari breytingum og með vísan til *Töflu sérstakra vörudeilda* sbr. reglur um árangursviðmið söluflokka dags. 2. mars 2017 með síðari breytingum.

### 4. gr.

Við ákvörðun um sætaskipan vara í sérhæfðu vöruúrvali skal framlegð, skv. gildandi framlegðarskrá, ráða forgangi þó með því fororði að vara í kjarnaflokki skal njóta forgangs gagnvart vöru í öðrum söluflokki sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi.

### 5. gr.

Sérhæft vöruúrval vínbúðar skal endurskoða eigi sjaldnar en á 4 mánaða fresti.

6. gr.

Ákvörðun um sérhæft vöruúrval vínbúðar, skv. reglum þessum, skal birta á birgjavef ÁTVR svo fljótt sem verða má eftir að hún liggur fyrir.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með vísan til 26. gr. reglugerðar nr. 1106/2015 um vöruval, innkaup og dreifingu ÁTVR á áfengi.

8. gr.

Reglur þessar öðlast gildi nú þegar.

Reykjavík, 2. nóvember 2017,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir